

**FRÁSÖGN**

*af þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Færeyjum 25.-26. febrúar 2016.*

Af hálfu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sóttu ráðstefnuna Bryndís Haraldsdóttir formaður, Lilja Rafney Magnúsdóttir varaformaður, Einar Brynjólfsson, Njáll Trausti Friðbertsson og Jón Steindór Valdimarsson, auk Helga Þorsteinssonar ritara. Frá Íslandi kom jafnframt Sigríður Andersen dómismálaráðherra.

Þema ráðstefnunnar var “Kynbundnar áskoranir með áherslu á málefni karlmannna” (Kønsspecificke udfordringer — med særlig fokus på mænds udfordringer). Samhliða ráðstefnunni hélt Vestnorræna ráðið aukaársfund og fundaði með Vestnorræna ungmennaráðinu.

Aukaársfundur Vestnorræna ráðsins var haldinn föstudaginn 24. febrúar. Bryndís Haraldsdóttir, formaður Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, sem nú fer jafnframt með formennsku í Vestnorræna ráðinu, setti fundinn. Í ávarpi sínu fjallaði hún meðal annars um sterka samstöðu Íslendinga, Grænlandinga og Færeyinga í tengslum við hvarf og dauða Birnu Brjánsdóttur í janúar sl. Hún þakkaði sérstaklega landsdeild Grænlands í Vestnorræna ráðinu fyrir þá samúð sem hún sýndi fjölskyldu Birnu og Íslendingum almennt.

Á fundinum voru til umfjöllunar þrjár tillögur um innri málefni. Tvær af tillögunum snerust um fjármál ráðsins, meðal annars um breytingar á starfsáætlun ársins og aðrar ráðstafanir til að mæta fimm milljóna króna halla á rekstri ráðsins 2016. Hallann má rekja til breytinga á gengi íslensku krónunnar og aukinnar starfsemi á vegum ráðsins. Þriðja tillagan, um að halda ársfundi Vestnorræna ráðsins í þingsölum aðildarlandanna, fyrst á Íslandi sumarið 2017 og síðan í Færeyjum og á Grænlandi, naut almenns stuðnings en samþykkt tillögunnar var frestað til að hægt væri að gera orðalag hennar skýrara.

Að loknum aukaársfundinum var haldin kynningarfundur um Þróunaráætlun fyrir Norður-Atlantshafssvæðið (NAUST), en það er áætlun sem norræna stofnunin Norrænt Atlantssamstarf (NORA) í Færeyjum er að vinna að fyrir ráðherra byggðamála á Norðurlöndum. Áætlunin er unnin að tillögu Íslendinga og miðar meðal annars að því að aukin áhersla verði lögð á samstarf Norðurlanda við nágrennalönd í vestri, en síðustu áratugi hefur þungamiðja samstarfsins að mörgu leyti verið á Eystrasaltssvæðinu.

Þemaráðstefnan hófst laugardaginn 25. febrúar með fyrirlestri Ólavs Ellefsen, formanns jafnréttisnefndar Færeyja, um foreldraorlof á Vestur-Norðurlöndum og skiptingu þess milli kynjanna. Í Færeyjum taka feður að meðaltali aðeins 7,4% foreldraorlofs og á Grænlandi 5,6%. Eftir að reglum um foreldraorlof var breytt á Íslandi í byrjun aldarinnar fóru feður að taka um 27% foreldraorlofs að meðaltali. Á Norðurlöndum er þetta hlutfall hæst á Íslandi, Svíar eru í öðru sæti, Norðmenn í því þriðja, næstir koma Danir og Finnar, en Færeyingar og Grænlandingar reka lestina.

Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, sagði frá því að komið hefði verið á fót svonefndri karlanefnd á Íslandi árið 1994 til að auka hlut karla í umræðu um jafnréttismál. Nefndin var starfandi til ársins 2000 og var á þeim árum nokkuð áberandi í umræðu um jafna stöðu karla og kvenna. Önnur slík nefnd var stofnuð árið 2011 og starfaði til 2013. Tryggvi sagði að Ísland hefði verið með fyrstu löndum sem hefði í verulegum mæli beint sjónum að þessari hlið jafnréttismála. Hann sagði rannsóknir sýna að aukið jafnrétti hefði ýmis jákvæð áhrif á karlmenn. Þannig hefði verið sýnt fram á að eftir því sem jafnrétti kynjanna er meira í tilteknu landi eru færri sem deyja af völdum ofbeldis. Jafnframt verður munurinn á sjálfsmorðstíðni karla og kvenna minni en ella.

Anda Poulsen frá Grænlandi sagði ítarlega frá starfi sínu að stofnun svonefndra karlahópa, en það eru hópar sem hittast reglulega til að ræða og hjálpast að við að taka á þeim mörgu vandamálum sem karlmenn á Grænlandi glíma við. Poulsen átti frumkvæði að stofnun fyrsta

hópsins árið 2014 og vann það starf í sjálfböðavinnu, en eftir það hafa slíkir hópar verið stofnaðir víða um landið og nú ferðast Poulsen milli byggða Grænlands í umboði landsstjórnarinnar og aðstoðar þá við að koma starfsemi af stað.

Pál Wiehe, yfirlæknir í Færeyjum, fjallaði um heilbrigði karla og kvenna á Vestur-Norðurlöndum. Meðalaldur er svipaður í Færeyjum og á Íslandi, en lægri á Grænlandi. Konur lifa að jafnaði lengur en karlar í öllum þremur löndunum, en þegar rannsakað er hvernig einstaklingar upplifa eigin heilsu er nánast enginn munur á svörum kynjanna, það er að segja að karlar telja sig vera við eins góða heilsu og konur. Wiehe sagðist telja að hægt væri að koma meðalaldri karla upp á sama stig og kvenna ef betur væri fylgst með heilsu þeirra þannig að þeir fengju meðferð tímanlega, og með því að draga úr áfengis- og tóbaksneyslu.

Katrin Kallsberg, yfirlæknir og þingmaður í Færeyjum, fjallaði einnig um heilbrigðismál. Hún benti á að boðið væri upp á heilbrigðisskoðanir af ýmsu tagi fyrir konur, til dæmis vegna leghálskrabbameins og brjóstakrabbameins, en minna væri um slíkt fyrir karla og að það gæti verið ein skýring á verri heilsu þeirra.

Sigríður Andersen dómsmálaráðherra fjallaði meðal annars um rétt feðra til barna eftir skilnað foreldra og benti á að sameiginlegt forræði væri nú orðin meginregla. Hún sagði íslensk stjórnvöld jafnframt styðja tillögur um jafna búsetu barna þannig að þau réttindi sem bundin væru við lögheimili skiptust milli foreldranna.

Sunnudaginn 26. febrúar fundaði Vestnorræna ráðið með Vestnorræna ungmennaráðinu. Síðarnefnda ráðið er nýstofnað og er skipað fulltrúum frá ungmennasamtökum stjórnmalaflokka á Vestur-Norðurlöndum. Það hélt fyrsta fund sinn í október sl. á Íslandi og samþykkti þá fimm ályktanir sem kynntar voru fyrir Vestnorræna ráðinu í Færeyjum. Tillögur ungmennanna gengu meðal annars út á að bjóða upp á ókeypis og aðgengilega sálfræðiþjónustu fyrir ungt fólk, meðal annars í skólum, að auka framboð á námi á Vestur-Norðurlöndum í samstarfi landanna þriggja þannig að ungt fólk þurfi ekki í eins miklum mæli og nú er að sækja nám utan svæðisins, að auka framboð á húsnæði fyrir ungt fólk á viðráðanlegu verði, hvort tveggja leiguíbúðir og eignaríbúðir, og að auka úrval starfa, meðal annars fyrir hámenntað fólk. Bent var á að sérstaklega á Grænlandi og í Færeyjum væru hlutfallslega mörg störf í greinum þar sem karlar eru ráðandi. Á fundinum var rætt um framtíð Vestnorræna ungmennaráðsins og fjármögnun á starfi þess. Þingmennirnir voru því mjög fylgjandi að ungmennin héldu áfram starfi sínu og hefðu nán tengsl við Vestnorræna ráðið og lofuðu að leita leiða til að fjármagna starfið.

Að lokinni þemaráðstefnunni sunnudaginn 26. febrúar var farið í kynnisferð í nýja verksmiðju laxeldisfyrirtækisins Bakkafrost í bænum Glyvrrar. Bakkafrost er tíunda stærsta fyrirtæki í heimi á sínu sviði og stærsta einkafyrirtæki í Færeyjum með um 750 starfsmenn. Um kvöldið var boðið upp menningardagskrá í Ósá-skólanum í Klakksvík, næststærsta bæ Færeyja, með þátttöku bæjarstjóra og íbúa bæjarins.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu [www.vestnordisk.is](http://www.vestnordisk.is).